

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 21. apríl 2021

Mál nr. E-3543/2020:

A

(*Leó Daðason lögmaður*)

gegn

Íslandspósti ohf.

(*Andri Andrason lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., var höfðað 3. júní 2020 af stefnanda, A, [...], gegn stefnda, Íslandspósti ohf., [...]

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum „allt að kr. 14.619.479, vegna vangreiddra biðlauna, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af kr. 1.204.817. frá 1. mars 2020 til 1. apríl 2020, af kr. 2.409.634 frá þeim degi til 1. maí 2020, af kr. 3.614.451 frá þeim degi til 1. júní 2020, af kr. 4.876.133 frá þeim degi til 1. júlí 2020, af kr. 6.080.950 frá þeim degi til 1. ágúst 2020, af kr. 7.285.767 frá þeim degi til 1. september 2020, af kr. 8.490.594 frá þeim degi til 1. október 2020, af kr. 9.695.401 frá þeim degi til 1. nóvember 2020, af kr. 10.900.218 frá þeim degi til 1. desember 2020, af kr. 12.209.845 frá þeim degi til 1. janúar 2021, af kr. 13.414.662 frá þeim degi til 1. febrúar 2021 og af kr. 14.619.479 frá þeim degi til greiðsludags.“ Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Málsatvik

Stefnandi, sem er [...] að mennt, hóf störf hjá Póst- og símamálastofnun árið 1980 sem [...]. [...] Miðuðust starfslok hans við 29. febrúar 2020.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 var kveðið á um að fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skyldu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi, Pósti og síma hf., og skyldu þeim boðnar stöður há því sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni. Þó færi um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi væru við gildistöku nr. 103/1996. Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins höfðu þá nýlega tekið gildi, eða 1. júlí 1996. Óumdeilt er að stefnandi þáði starf hjá hinu nýja hlutafélagi og hefur síðan gegnt störfum hjá arftökum þess.

Með bréfi lögmanns stefnanda 10. nóvember 2019 kom fram sú afstaða að uppsögnin hefði verið ólögmet og var gerð krafa um greiðslu 12 mánaða biðlauna úr hendi stefnda. Var krafan byggð á ákvæði ráðningarsamnings um að stefnandi nyti réttinda til biðlauna í 12 mánuði við niðurlagningu starfs og ákvæðum laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna auk laga nr. 103/1996. Stefnandi hefði þjónað Póst- og símamálastofnun og arftökum hennar allt frá árinu 1980 og hefði því 12 mánaða biðlaunarétt. Þá var einnig vísað til ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæða laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði þar sem ástæður starfsloka stefnanda hefðu byggst á sjónarmiðum um aldur. Stefndi hafnaði kröfum stefnanda.

Í stefnu var gerð krafa um að viðurkennt yrði með dómi að stefnandi ætti rétt á greiðslu biðlauna í tólf mánuði frá 1. mars 2020. Í samræmi við áskilnað í stefnu hefur stefnandi gert breytingu á kröfugerð sinni hér fyrir dómi, eftir því sem efndatími á skyldu stefnda til greiðslu biðlauna er kominn, og setur hann nú fram fjárkröfu eins og nánar greinir í kröfu hans. Sætti þessi breyting ekki andmælum af hálfu stefnda. Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá kröfu sinni um vangreidd laun á uppsagnarfresti að fjárhæð 95.450 krónur auk dráttarvaxta.

II

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt á biðlaunum samkvæmt ráðningarkjörum og samfelldum starfsferli hjá stefnda frá árinu 1980. Gerir stefnandi kröfu um greiðslu biðlauna í 12 mánuði, frá 1. mars 2020, sem grundvallist á óbreyttum launakjörum hans. Byggist krafa stefnanda á 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 34. gr. þeirra laga. Samkvæmt því ákvæði eigi stefnandi að njóta óbreyttra launakjara á biðlaunatíma. Þar sem stefnandi hafi verið ráðinn í tíð eldri starfsmannalaga nr. 38/1954 eigi hann rétt á óbreyttum launakjörum í 12 mánuði.

Stefnandi vísar til þess að samkvæmt 5. mgr. áðurnefnds bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 skuli starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna, en telst ekki vera embættismaður, njóta biðlaunaréttar ef starf er lagt niður. Ákvæði hafi verið túlkað svo, að starfsmaður eignist rétt til biðlauna þegar starf er fellt niður, jafnvel þótt honum hafi verið sagt upp störfum með uppsagnarfresti, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 223/1999. Samkvæmt dóminum takmarkist rétturinn af því einu að starfsmaður njóti ekki launa í öðru starfi á biðlaunatímabili.

Biðlaunaréttur nemi launum í sex mánuði ef starfsmaður hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Í ákvæðinu sé að öðru leyti vísað til 34. gr. laganna. Við mat á ávinnslutíma biðlaunaréttar eigi að telja allan þann tíma

sem starfsmaður hafi verið „í þjónustu ríkisins“, sbr. 1. mgr. þeirrar lagagreinar. Við mat á þessum rétti beri einnig að telja þann tíma sem viðkomandi hafi verið í þjónustu ríkisins eftir gildistöku laga nr. 70/1996. Byggir stefnandi á því að þrátt fyrir að félagaform hafi breyst á ráðningartíma starfsmanns hafi stefnandi ávallt verið í „þjónustu ríkisins“ í skilningi 34. gr. laganna. Til marks um þetta megi nefna að stefndi sé alfarið í eigu íslenska ríkisins.

Þá kveðst stefnandi í þessu samhengi einnig vísa til þess að samkvæmt 1. gr. laga nr. 103/1996 hafi ríkistjórninni verið heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, sem nefnast skyldi Póstur og sími hf. og að leggja til hlutafélagsins allar eignir, skuldir, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavild. Í 8. gr. sömu laga hafi verið mælt svo fyrir að allir fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skyldu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og þeim boðnar stöður sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda héldu þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Ákvæðið geri ráð fyrir að áunninn biðlaunaréttur sé viðurkenndur við yfirlýsingu starfs til Pósts og síma hf. Félagið hafi þannig verið skuldbundið til að taka við skuldbindingum stofnunarinnar. Á þessu stigi hafi ekki verið um niðurlagningu starfs að ræða.

Þá hafi sérstaklega verið tekið fram í 2. málslið 1. mgr. 8. gr. laganna að þó færi um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi yrðu við gildistöku laga nr. 103/1996. Þann 1. janúar 1998 hafi svo verið stofnað nýtt hlutafélag, Íslandspóstur ohf. Stefnandi hafi haldið réttindum sínum gagnvart stefnda samkvæmt framangreindu og bréfi forstjóra Pósts og síma hf. sem hafi falið í sér bindandi yfirlýsingu um réttindi stefnanda. Um tilfærslu starfs hafi verið að ræða með sömu launum og ráðningarkjörum. Taka hefði þurft fram með skýrum hætti ætti biðlaunaréttur starfsmanna að falla niður. Í bréfinu hafi verið tekið fram að stefnanda stæði til boða starf hjá hinu nýja félagi með sömu launum og ráðningarkjörum. Áunnin réttindi væru þau sömu og biðlaunaréttur héldist einnig áfram tæki hann við starfi hjá hinu nýja félagi.

Byggir stefnandi á því að miða verði við að Póstur og sími hf. hafi tekið við starfssamningum Póst- og símamálastofnunar eins og þeir hafi verið þann 1. janúar 1997 og svo stefndi þann 1. janúar 1998. Gagnvart stefnanda eigi því stefndi að svara til vanefnda á ráðningarkjörum hans.

Stefnandi byggir á því að ákvörðun stefnda 16. ágúst 2019 hafi falið í sér niðurlagningu starfs í skilningi laga nr. 70/1996 enda sé í uppsagnabréfinu vísað til hagræðingaraðgerða og þar sérstaklega tilgreint að áunnin réttindi verði gerð upp við lok uppsagnarfrests. Því hafi verið um að ræða skipulagsbreytingar og hefðbundna niðurlagningu starfa í opinberu hlutafélagi. Þessu til viðbótar liggi fyrir samkvæmt staðfestu skipuriti stefnda að fasteignadeild, sem stefnandi hafi veitt forstöðu, sé ekki

lengur til enda hafi framkvæmdasvið með öllum undirdeildum, þ.m.t. fasteignadeild, verið lagt niður. Stefnandi kveðst benda á að skipurit í ársskýrslu 2006 hafi verið í gildi til júlí 2019.

Hvað þetta varði sé einnig sérstaklega vísað til þess að á starfsmannafundi í júlí 2019 hafi verið boðaðar verulegar skipulagsbreytingar og þar hafi hið nýja skipurit verið kynnt. Á því komi skýrt fram að framkvæmdasvið og fasteignadeild, sem stefnandi hafi veitt forstöðu, væru ekki lengur til. Samkvæmt framangreindu verði að telja að í ákvörðun stefnda hafi falist niðurlagning á starfi stefnanda og því beri honum af þeirri ástæðu réttur til biðlauna í tólf mánuði en stefnandi hafi verið í þjónustu ríkisins í 39 ár.

Þá sé einnig bent á að hinn langi starfsaldur stefnanda hjá stefnda hafi í engu verið virtur. Það sé meginregla í vinnurétti að starfsaldur skipti verulegu máli og veiti starfsmönnum ákveðin réttindi. Þurfi að koma til uppsagna sé þeim yfirleitt beitt fyrst gagnvart þeim, sem stystan hafi starfsaldur. Í þessu máli hafi því verið öfugt farið sem bendi, að mati stefnanda, eindregið til þess sem hér sé haldið fram, að starf hans hafi verið lagt niður.

Þegar stefnandi hafi hafið störf hjá Póst- og símamálastofnun árið 1980 hafi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 gilt um starf hans, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, þar sem getið hafi verið um atvinnufyrirtæki, sem ríkið reki. Réttindi stefnanda fari því samkvæmt þeim lögum enda þótt þau hafi verið felld úr gildi og önnur komið í þeirra stað, lög nr. 70/1996. Samkvæmt 14. gr. hinna eldri laga hafi starfsmaður, sem unnið hafði lengur en 15 ár, átt rétt til fastra launa í 12 mánuði frá því hann lét af starfi, ef staða hans væri lögð niður. Hliðstætt ákvæði sé í 1. mgr. 34. gr. hinna nýju laga, sbr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þeim lögum. Í 8. gr. laga nr. 103/1996 hafi verið vísað til ákvæða laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um biðlaunarétt stefnanda. Samkvæmt framangreindu eigi stefnandi rétt til biðlauna úr hendi stefnda í 12 mánuði frá og með starfslokum, eða 1. mars 2020. Starfsmaður hafi aldrei notið þessa réttar, enda hafi starf hans aldrei verið fellt niður eftir gildistöku laga nr. 70/1996.

Bent er á af hálfu stefnanda að við setningu gildandi starfsmannalaga hafi ekki verið talið fært að afnema biðlaunarétt þeirra sem hann höfðu samkvæmt eldri starfsmannalögum. Því hafi þeim, með 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í nýju starfsmannalögunum nr. 70/1996, sem skipaðir höfðu verið í tíð eldri starfsmannalaga og töldust ekki embættismenn í skilningi 22. gr. nýju starfsmannalaganna nr. 70/1996, verið tryggður biðlaunaréttur. Byggt sé á því af hálfu stefnanda að um sé að ræða almennan rétt allra þeirra ríkisstarfsmanna sem nutu réttar samkvæmt eldri starfsmannalögum. Þannig segi beinlínis í ákvæðinu að það nái til ríkisstarfsmanna sem hafi verið skipaðir eða ráðnir fyrir gildistöku nýju starfsmannalaganna.

Samkvæmt framangreindu sé því ótvírætt að stefnandi njóti biðlaunaréttar frá 1. mars 2020 og í því felist að hann eigi rétt á því að fá greidd sömu laun og hann naut í starfi. Þá hafi verið rakið að stefnandi hafi verið í þjónustu ríkisins í meira en 15 ár. Sé því ágreiningslaust að hann eigi rétt á biðlaunum í tólf mánuði í samræmi við framlagða launaseðla stefnanda.

Af hálfu stefnanda er gerð krafa um greiðslu biðlauna á tímabilinu frá 1. mars 2020 til 28. febrúar 2021 í samtals 12 mánuði. Stefnandi byggir á kjarasamningi milli Póstmannafélags Íslands og Íslandspósts hf. frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2020 og vísar til hans hvað varðar fjárhæðir orlofsuppbótar, desemberuppbótar og greiðslu mótframlags í lífeyrissjóð. Biðlaun séu föst laun sem fylgi starfi. Um sé að ræða mánaðarlaun, akstursgreiðslu, orlof á laun og mótframlag í lífeyrissjóð. Eingöngu laun í öðru starfi skerði bótarétt en ekki atvinnuleysisbætur. Stefnandi kveðst vísa til framlagðra launaseðla stefnanda og setur fram kröfu sína með eftirfarandi hætti:

01.03.2020-28.02.2021	(921.535 x 12)	11.058.420 kr.
Orlof (á mánaðarlaun í 12 mánuði)	(13,04% x 12)	1.442.016 kr.
Orlofsuppbót gjalddagi 01.06.2020		51.000 kr.
Desemberuppbót gjalddagi 01.12.2020		94.000 kr.
Akstursgreiðsla	(38.850 x 12)	466.200 kr.
Mótframlag í lífeyrissjóð	(11,5% x 12)	1.507.843
Alls		14.619.479kr.

Stefnandi sundurliðar dómkröfu sína nánar samkvæmt gjalddögum biðlauna:

01.03.2020 – 31.03.2020:

Mánaðarlaun kr. 921.535
 Akstursgreiðsla kr. 38.850
 Orlof á laun kr. 120.168
Mótframlag í lífeyrissjóð kr. 124.264
 Samtals kr. 1.204.817

Apríl 01.04.2020 - 30.04.2020

Mánaðarlaun kr. 921.535
 Akstursgreiðsla kr. 38.850
 Orlof á laun kr. 120.168
Mótframlag í lífeyrissjóð kr. 124.264
 Samtals kr. 1.204.817

01.05.2020 – 31.05.2020:

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 124.264</u>
Samtals	kr. 1.204.817

Júní 01.06.2020 - 30.06.2020

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
Orlofsuppbót	kr. 51.000
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 130.129</u>
Samtals	kr. 1.261.682

Júlí 01.07.2020 - 31.07.2020

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 124.264</u>
Samtals	kr. 1.204.817

Ágúst 01.08.2020 - 31.08.2020

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 124.264</u>
Samtals	kr. 1.204.817

September 01.09.2020 - 30.09.2020

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 124.264</u>
Samtals	kr. 1.204.817

Október 01.10.2020 - 31.10.2020

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850

Orlof á laun	kr. 120.168
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 124.264</u>
Samtals	kr. 1.204.817

Nóvember 01.11.2020 - 30.11.2020

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 124.264</u>
Samtals	kr. 1.204.817

Desember 01.12.2020 - 31.12.2020

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
Desemberuppbót	kr. 94.000
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 135.074</u>
Samtals	kr. 1.309.627

Janúar 01.01.2021 - 31.01.2021

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 124.264</u>
Samtals	kr. 1.204.817

Febrúar 01.02.2021 - 28.02.2021

Mánaðarlaun	kr. 921.535
Akstursgreiðsla	kr. 38.850
Orlof á laun	kr. 120.168
<u>Mótframlag í lífeyrissjóð</u>	<u>kr. 124.264</u>
Samtals	kr. 1.204.817

Hvað málatilbúnað stefnda varðar tekur stefnandi fram að túlkun hans á því að bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 nái ekki til stefnanda fái ekki staðist. Þá sé því mótmælt að ekki sé unnt að byggja kröfu um biðlaun á lögum nr. 103/1996 þar sem þau séu úr gildi fallin. Stefnandi taki fram að með 8. gr. laganna sé vísað til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá geti niðurfelling laga ekki breytt

ráðningarsamningi aðila. Þá fái sú túlkun stefnda ekki heldur staðist, að það hafi áhrif á biðlaunarétt hvort viðkomandi staða sé lögð niður í beinu framhaldi af stofnun Pósts og síma hf. eða síðar. Hún eigi sér hvorki stoð í ráðningarsamningi né lögum og sé ekki í samræmi við vilja löggjafans. Áunnin biðlaunaréttindi séu tiltekin í ráðningarsamningi þegar staða stefnanda hafi flust yfir til hlutafélagsins. Taka hefði þurft fram með skýrum hætti hefðu þessi réttindi átt að vera tímabundin. Hlutafélagavæðing sé ekki endapunktur biðlaunaréttar enda sé 8. gr. laga nr. 103/1996 nokkurs konar sólarlagsákvæði. Ljóst megi vera að meiningin hafi ekki verið sú að við stofnun hlutafélagsins yrði staðan lögð niður heldur að hún flyttist yfir til hlutafélagsins eins og skýrlega komi fram í ummælum ráðherra á þinginu er hann mælti fyrir frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 103/1996. Ráðningarsamningur stefnanda hafi verið óbreyttur þrátt fyrir breytingar á rekstrarfyrirkomulagi. Hann sé persónubundinn samningur þar til honum sé sagt upp.

Hvað varðar þá túlkun stefnda að biðlaunaréttur verði ekki byggður á ráðningarsamningi tekur stefnandi fram að aðilum ráðningarsamnings sé frjálst að semja um starfskjör starfsmanni í hag. Stefnandi mótmælir því að málsástæða hans um að krafan byggist á ráðningarsamningi sé of seint fram komin eins og stefndi haldi fram, enda sé hennar skýrlega getið í stefnu.

Stefnandi vísar til meginreglna vinnu-, kröfu- og samningaréttar um að laun beri að greiða í samræmi við umsamda launataxta samkvæmt gildandi ráðningar- og/eða kjarasamningi. Vísast um réttindi hans aðallega til ráðningarsamnings hans. Jafnframt vísar hann til 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna og til yngri laga um sama efni nr. 70/1996, einkum bráðabirgðaákvæðis laganna. Um málskostnað er vísað til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og því sé nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

III

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og kveðst hann mótmæla málsástæðum og málatilbúnaði stefnanda í heild sinni. Í málinu sé deilt um kröfu stefnanda um greiðslu biðlauna (bóta) úr hendi stefnda í 12 mánuði frá og með starfslokum 29. febrúar 2020. Til stuðnings meintum rétti sínum byggir stefnandi á 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996. Byggt sé á því að meintur réttur stefnanda til biðlauna úr hendi stefnda sé ekki fyrir hendi og geti ekki grundvallast á fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 eða öðrum ákvæðum þess, eða á öðrum grundvelli, þ.e. eldri lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna nr. 38/1954 eða

lög nr. 103/1996. Í raun sé ekki vísað til síðastnefndu laganna í stefnu til stuðnings meintum rétti en stefndi taki þó fram að þau lög hafi tekið gildi 1. september 1996 og heimilað ríkisstjórninni að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, þ.e. Póst og síma hf., en verið felld úr gildi með lögum nr. 75/2001, er tekið hafi gildi 15. júní 2001. Hafi lög nr. 103/1996, þ. á m. 8. gr. laganna því ekki réttaráhrif í dag og ekki unnt að byggja meintan rétt til biðlauna á þeim.

Í frumvarpi til laga nr. 75/2001, er kveðið hafi á um að lög nr. 103/1996 féllu úr gildi, hafi þess verið sérstaklega getið að „[á]kvæði laga nr. 103/1996 hafa ekki lengur réttaráhrif og því er eðlilegt að fella þau úr gildi“ og var 8. gr. laga nr. 103/1996 í engu undanskilin. Einnig sé til þess að líta, hvað 8. gr. laga nr. 103/1996 varði, að því ákvæði hafi ekki verið ætlað að vara um ókominn tíma heldur hafi með því aðeins átt að tryggja að starfsmenn Póst- og símamálastofnunar nytu áunnins biðlaunaréttar yrði starf þeirra lagt niður í beinu framhaldi af flutningi rekstrar stofnunarinnar til hlutafélagsins.

Tilvísun 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 til laga nr. 70/1996 hafi þannig verið ætlað að tryggja biðlaunarétt vegna niðurlagningar stöðu hjá Póst- og símamálastofnun og mögulega ef sambærileg staða yrði lögð niður í beinu framhaldi og vegna hlutafélagavæðingar í gildistíð laga nr. 103/1996. Ekki hafi þannig verið gert ráð fyrir biðlaunarétti um ókomna tíð eins og um ríkisstarfsmenn væri að ræða heldur miðað við að starfsmenn væru ekki „snuðaðir“ um biðlaunarétt með uppsögn/„niðurlagningu“ sambærilegs starfs í beinu framhaldi hlutafélagavæðingar. Annars ætti enginn biðlaunarétt við þær aðstæður þar sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefðu ekki gilt. Stefndi bendir á að lokamálsliður 1. mgr. 8. gr. hafi verið færður sérstaklega inn við meðferð frumvarpsins á þinginu og athugasemdir við ákvæðið og ummæli ráðherra eða önnur umræða á þinginu eigi því ekki að öllu leyti við þann málslið. Stefndi bendir einnig á að með 2. og 3. mgr. 8. gr. hafi verið mælt fyrir um að biðlaunaréttur félli niður væri starfi hjá hlutafélaginu hafnað og ef biðlaun væru greidd úr ríkissjóði þrátt fyrir ráðningu hjá hlutafélaginu.

Stefndi bendir á að eldri lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954, sem vísað sé til í stefnu, hafi fallið úr gildi á árinu 1996 og hafi því ekki lengur réttaráhrif. Geti stefnandi því ekki heldur reist meintan rétt sinn á þeim.

Af hálfu stefnda er á því byggt að lög nr. 70/1996, þ. á m. áður nefnt bráðabirgðaákvæði, eigi ekki við í málinu. Stefnandi sé ekki ríkisstarfsmaður í skilningi 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. laganna og stefndi ekki ríkisstofnun, sbr. jafnframt 2. mgr. 2. gr., heldur hlutafélag einkaréttarlegs eðlis. Hvorugur aðili máls þessa falli því undir gildissvið laganna. Í stefnu sé vísað til laga nr. 103/1996 en þau hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 75/2001. Geti stefnandi því ekki byggt á lögum nr. 70/1996 sem slíkum né á tilvísun laga nr. 103/1996 til þeirra. Engu geti skipt hér

þótt vísað sé til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 í 8. gr. laga nr. 103/1996, enda hafi þau lög verið felld úr gildi á árinu 2001, sbr. framangreint. Aðrir en ríkisstarfsmenn geti ekki stutt rétt sinn við lög nr. 70/1996 nema sérstakri „lagatengingu“ sé til að dreifa eða sérstaklega sé samið um það í ráðningarsamningi. Lagatenging hafi verið rofin með því að lög nr. 103/1996 hafi verið felld úr gildi. Ekki hafi verið samið um það í ráðningarsamningi eða kjarasamningi þannig að reglur um ríkisstarfsmenn geti gilt um stefnanda.

Stefndi telur því að stefnandi geti ekki byggt meintan rétt sinn til biðlauna á lögum nr. 103/1996, lögum nr. 38/1954 og/eða lögum nr. 70/1996, eða á tilvísun 8. gr. laga nr. 103/1996 til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996.

Hér skipti og máli að af dómaframkvæmd megi leiða, hvað sem öðru líði, að í þeim tilvikum þar sem rekstur ríkisstofnunar hafi með lögum verið færður í hlutafélag feli nefnt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 og lagaákvæði sambærileg 8. gr. laga nr. 103/1996 ekki í sér að hlutafélög, eins og stefndi, eða aðrir einkaréttarlegir aðilar, eigi um ókominn tíma að bera skyldu eins og ríkisstofnun gagnvart starfsmanni sínum, sem áður hafi verið í þjónustu ríkisins, til að svara til biðlauna sé starf síðar lagt niður. Vísar stefndi um þetta til dóma Hæstaréttar í málum nr. 337 og 338/2003 sem hann kveðst telja skýr fordæmi í máli þessu. Geti engu skipt í því sambandi hverjir teljist „forverar“ stefnda eða hvort hlutafé stefnda sé í eigu íslenska ríkisins. Að teknu tilliti til þessa jafnframt taka fyrirmæli laga nr. 70/1996 ekki til stefnanda eða stefnda og verður réttur stefnanda ekki reistur á framangreindum lögum.

Þrátt fyrir að af hálfu stefnanda sé ekki sérstaklega byggt á ákvæði ráðningarsamnings er tók gildi 1. janúar 1997 beri að taka fram að í því hafi einungis falist tilvísun til þess réttar sem stefnandi kynni að eiga samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 á nefndu tímamarki, þ.e. við starfslok hjá Póst- og símamálastofnun. Í ákvæði ráðningarsamningsins um áunnin réttindi „Bótaréttur (biðlaunaréttur) er 12 mánaða föst laun“ felist einungis tilvísun til þess réttar sem stefnandi hafði þá áunnið sér í störfum sínum hjá Póst- og símamálastofnun í gildistíð laga nr. 38/1954, og sem stefnandi kynni að eiga samkvæmt ofangreindu bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996 við niðurlagningu þess starfs eða mögulega í gildistíð laga nr. 103/1996. Umrætt ákvæði sé í sérstökum kafla ráðningarsamningsins um „áunnin réttindi“ sem gátu einungis byggst á lögum nr. 38/1954, sbr. lög nr. 70/1996. Sá meinti réttur sé hins vegar ekki til staðar samkvæmt framangreindu, m.a. með vísan til þess að lög nr. 103/1996 hafi fallið úr gildi á árinu 2001 og vegna gildissviðs laga nr. 70/1996.

Í þessu ákvæði ráðningarsamningsins felist þannig ekki sjálfstæður eða sammingsbundinn réttur til biðlauna eða bóta, er þýðingu geti haft við starfslok stefnanda hjá stefnda og sé raunar ekki byggt á því af hálfu stefnanda. Þvert á móti

verði að líta svo á að ákvæðið hafi aðeins tekið til þess tilviks ef starf stefnanda hefði verið lagt niður í beinu framhaldi af flutningi reksturs Póst- og símamálastofnunar til hlutafélagsins Pósts og síma hf., og jafnframt í gildistíð laga nr. 103/1996. Hafi þannig ekki verið samið sérstaklega um biðlaunarétt, óháð rétti stefnanda samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 sbr. lög nr. 103/1996, um ókomna tíð og þannig að gildi hafi gagnvart stefnda nú, og ekki á því byggt af hálfu stefnanda.

Biðlaunaréttur verði því ekki reistur á ákvæði ráðningarsamningsins eða bréfi forstjóra Pósts og síma hf. um „áunnin réttindi“. Í stefnu sé réttur stefnanda reistur á bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 70/1996 en ekki ráðningarsamningi eða bréfi forstjóra sérstaklega að því er séð verði. Ekki sé unnt að raska málsgrundvelli með þessum hætti frá stefnu. Ekki sé unnt að líta svo á að rétturinn hafi verið til staðar að loknum umbreytingar/aðlögunartíma og aldrei eftir brottfall laga nr. 103/1996. Rétturinn ekki sérstaklega umsaminn eða sjálfstæður og ekki byggt á því af hálfu stefnanda.

Bréf forstjóra Pósts og síma hf. í tengslum við stofnun stefnda 1. janúar 1998 við skiptingu Pósts og síma hf. verði að líta á sem hluta af umbreytingu/aðlögun vegna hlutafélagavæðingar. Við uppsögn á árinu 2019 hafi stefnandi ekki starfað á grundvelli ráðningarsamnings frá 1. janúar 1997 eða bréf forstjóra frá 19. september 1997. Samkvæmt ákvæðum hans hafi uppsagnarfrestur verið þrjú mánuðir en stefnandi hafi notið sex mánaða uppsagnafrests við uppsögnina. Stefnandi krefjist svo í málinu greiðslu biðlauna í 12 mánuði því til viðbótar.

Þá verði og á líta til þess að ósannað sé, eins og hér hátti til, að við skiptingu Pósts og síma hf. hafi meintur biðlaunaréttur stefnanda færst til stefnda, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 22/2019.

Hvað sem framangreindu líði kveður stefndi að byggt sé á því að skilyrði biðlauna séu ekki uppfyllt, hvort sem er á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 eða á öðrum grundvelli, verði yfir höfuð talið að biðlaunaréttur sé fyrir hendi.

Þannig telji stefndi ljóst að skilyrði biðlauna sé ekki uppfyllt þar sem stefnandi hafi við uppsögn í ágúst 2019 ekki gegnt því starfi sem hann hafði gegnt í gildistíð eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Uppsögn stefnanda veiti honum því ekki rétt til biðlauna (bóta). Líta verði svo á að með orðinu „starf“ í skilningi umrædds bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996, sem lög nr. 103/1996 hafi vísað til, sem fyrr segi, sé átt við það starf sem viðkomandi starfsmaður hafi gegnt í gildistíð eldri laga nr. 38/1954. Sama skilning verði að leggja í tilvísun ráðningarsamningsins til áunnins bótaréttar (biðlaunaréttar). Biðlaunaréttur teljist því ekki eiga að vera fyrir hendi hafi starfsmaður síðar tekið við öðru starfi (nýju starfi), svo sem hér hátti til. Ljóst sé að stefnandi hafi ekki gegnt starfi forstöðumanns fasteignadeildar, eða starfi sem verði lagt því að jöfnu, hjá Póst- og símamálastofnun

í gildistíð laga nr. 38/1954. Vísist í því sambandi m.a. til þess að í stefnu komi fram að stefnandi hafi starfað hjá stofnuninni sem fulltrúi síðar deildarstjóri í hagsýsludeild umsýsludeildar Póst- og símamálastofnunar í gildistíð laga nr. 38/1954. Starfsheiti stefnanda samkvæmt áður nefndum ráðningarsamningi er tekið hafi gildi 1. janúar 1997, hafi verið yfirtæknifræðingur. Stefnandi hafi gegnt því starfi hjá Pósti og síma hf. þar til hann tók síðar við starfi forstöðumanns fasteignadeildar. Af þessu leiði, hvað sem öðru líði, að það starf sem meintur biðlaunaréttur hafi getað tekið til teljist ekki hafa verið það starf sem stefnandi gegndi við uppsögn hjá stefnda. Uppsögn stefnanda veiti honum því ekki rétt til biðlauna (eða bóta).

Þá telji stefndi ljóst að skilyrði biðlauna sé ekki uppfyllt þar sem starf stefnanda hjá stefnda hafi ekki verið lagt niður en niðurlagning starfs sé forsenda biðlaunaréttar. Stefnandi hafi verið sagt upp störfum eins og gangi og gerist á almennum vinnumarkaði. Ósönnuðum fullyrðingum um annað í stefnu sé mótmælt. Þá tekur stefndi fram að því er varðar starf forstöðumanns fasteignadeildar sem stefnandi haf gegnt við uppsögn sé enn til. Fyrir uppsögn stefnanda hafi fasteignadeild heyrt undir framkvæmdasvið stefnda og í fasteignadeild hafi starfað tveir starfmenn, þ.e. annars vegar stefnandi og hins vegar byggingarfræðingur. Í umræddum breytingum hafi falist að fasteignadeild hafi verið færð undir mannauðssvið, stefnandi hafi verið sagt upp og við starfi forstöðumanns fasteignadeildar hafi tekið sá starfsmaður fasteignadeildar er starfað hafði sem byggingafræðingur. Starf það sem stefnandi hafi gegnt sé því enn til og hafi ekki verið lagt niður. Sé því sérstaklega mótmælt sem segi í stefnu að „framkvæmdasvið með öllum undirdeildum, þ.m.t. fasteignadeild, [hafi] verið lagt niður“.

Þá taki stefndi fram að niðurlagning stöðu/starfs sé ekki sérstakt hugtak á almennum vinnumarkaði og hafi ekki neinar sjálfstæðar lögfylgjur. Ekki sé unnt að leggja sömu sjónarmið til og grundvallar og eigi við um ríkisstarfsmenn. Svo sem fram komi í uppsagnarbréfinu hafi uppsögn stefnanda grundvallast á skipulagsbreytingum.

Þá hafnar stefndi öllum sjónarmiðum stefnanda um að uppsögn vegna aldurs, þ.e. að hann hafi verið látinn „víkja fyrir yngri starfsmanni“. Þetta sé þýðingarlaus málsástæða og algerlega ósönnuð og sé auk þess í þversögn við máltilbúnað stefnanda um að staða hans hafi verið lögð niður.

Þá sé einnig á því byggt að réttur til biðlauna (bóta) sé háður því að ekki hafi orðið rof á ráðningu starfsmanns í þjónustu ríkisins. Í málinu liggi hins vegar ekkert fyrir um hvort slíkt rof hafi orðið á ráðningu stefnanda fyrir gildistöku laga nr. 70/1996 og gerð ráðningarsamningsins er tók gildi 1. janúar 1997 og áskilji stefndi sér allan rétt í þessu sambandi.

Auk framangreinds kveðst stefndi byggja á því að meintur réttur stefnanda til biðlauna (bóta) geti aldrei tekið til lengri tíma en sex mánaða þar sem stefnandi geti ekki talist hafa verið „í þjónustu“ ríkisins í lengri tíma en 15 ár í skilningi bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996 og tilvísað ákvæði ráðningarsamningsins. Sé því hafnað sem byggt er á í stefnu að við mat á þeim tíma sem stefnandi hafi verið „í þjónustu ríkisins“ beri að líta til tímans er stefnandi hafi starfað fyrir Póst og síma hf. og/eða stefnda eða til þess hvort stefndi sé í eigu ríkisins. Bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 eigi aðeins við um þann biðlaunarétt sem áunnin hafi verið í gildistíð laga nr. 38/1954. Hvergi sé gert ráð fyrir því í lögum eða annars staðar.

Stefndi tekur fram að sá annmarki hafi verið á málatilbúnaði í stefnu að ekki hafi verið tekið tillit til þess að frá biðlaunum beri að draga laun sem stefnandi þiggi frá öðrum vinnuveitanda á því tímabili sem biðlaun taka til, sbr. 34. gr. laga nr. 70/1996. Skorti alfarið upplýsingar þar að lútandi. Þetta hafi þó skýrst nokkuð undir rekstri málsins. Stefndi byggir á að frá biðlaunum beri að draga greiðslur sem gögn málsins beri með sér að hann hafi notið frá atvinnuleysistryggingasjóði. Stefndi tekur fram að biðlaun séu í eðli sínu bætur sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996. Önnur sjónarmið hafi átt við um frádrátt samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954.

Jafnframt sé byggt á því að krafa stefnanda geti ekki numið hærrí fjárhæð en sem föstum mánaðarlaunum á biðlaunatíma verði á annað borð fallist á kröfu stefnanda. Þannig beri ekki að taka tillit til launahækkana á biðlaunatíma samkvæmt kjarasamningi eða til mánaðarlegra viðbótarlauna.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé hvað sem öðru líði mótmælt, þ. á m. um upphafstíma dráttarvaxta. Eins og atvikum sé háttað í máli þessu geti dráttarvextir í fyrsta lagi reiknast frá dómsuppsögu.

Að lokum áréttar stefndi að því sé hafnað að meintur réttur stefnanda til biðlauna úr hendi stefnda verði reistur á öðrum grundvelli en fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 og vaki athygli á því að í stefnu sé einungis byggt á nefndu bráðabirgðaákvæði.

Auk framangreinds vísar stefndi um lagarök til reglna vinnu-, starfsmanna-, samninga- og kröfuréttar, þ. á m. laga nr. 70/1996 og eldri laga nr. 38/1954, sem og til brottfallinna laga nr. 103/1996, sbr. lög nr. 75/2001. Einnig vísar stefndi til réttarfarsreglna, þ. á m. laga nr. 91/1991, sem og laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu úr hendi stefnda um greiðslu biðlauna í 12 mánuði frá starfslokum hans hjá stefnda 29. febrúar 2020. Stefnandi byggir kröfu sína fyrst og fremst á 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en hann vísar einnig til laga nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar og ákvæða eldri laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stefndi hafnar öllum málatilbúnaði stefnanda og krefst sýknu af kröfu hennar.

Stefnandi hefur auk framangreinds einnig vísað til ákvæðis í ráðningarsamningi er gerður var við hann vegna stofnunar hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar en hann skyldi gilda frá og með 1. janúar 1997 og bindandi yfirlýsingu í bréfi forstjóra stefnda frá 19. september 1997 um réttindi hans í tilefni af skiptingu Pósts og síma hf. í tvö hlutafélög með stofnun sérstaks félags um póstpjónustu annars vegar og á sviði fjarskipta hins vegar. Skilja verður málatilbúnað í stefnu á þann veg að þar sé vísað til þess að biðlaunaréttur hans hvíli á ráðningarkjörum hans samkvæmt ráðningarsamningi og að þeim réttindum hafi hann haldið þrátt fyrir að breytingar hafi orðið á félagiformi stefnda enda hafi stefndi tekið við öllum skuldbindingum forvera hans og þurfi nú „að svara til vanefnda á ráðningarkjörum hans“ eins og segi í stefnu.

Fallast má á með stefnda að ekki sé þó skýrlega á því byggt í stefnu að ráðningarsamningurinn feli í sér sjálfstæðan rétt til biðlauna þar sem um hann hafi verið samið sérstaklega og þá umfram þann rétt sem stefnandi kynni að eiga lögum samkvæmt. Dómurinn telur því málatilbúnað stefnanda að þessu leyti ekki alls kostar skýran í stefnu en að þó verði að líta svo á að í honum felist að á því sé byggt að ákvæði ráðningarsamningsins feli í sér samningsbundinn rétt til biðlauna er hann geti nú byggt á vegna starfsloka sinna hjá stefnda.

Með 1. gr. laga nr. 103/1996, er tóku gildi 1. september 1996, var veitt heimild til að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, er skyldi nefnast Póstur og sími hf., og taka til starfa 1. janúar 1997. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna var hlutafélaginu heimilt að stofna nýtt félag eða félög til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess og í sama tilgangi gat félagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við 133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Á hluthafafundi Pósts og síma hf. 29. ágúst 1997 var ákveðið að skipta félaginu í tvö hlutafélög með stofnun sérstaks félags um póstrektur. Í því sambandi var stefndi stofnaður og tók hann til starfa 1. janúar 1998. Samhliða var heiti Pósts og síma hf. breytt í Landssímamann hf. Allt hlutafé stefnda var og er í eigu íslenska ríkisins. Lög nr. 103/1996 voru síðar felld úr gildi með lögum nr. 75/2001 um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landsíma Íslands hf. Í athugasemdum með frumvarpi til síðarnefndu laganna sagði að lög nr. 103/1996 hefðu nú ekki lengur réttaráhrif og því væri eðlilegt að fella þau úr gildi. Dómurinn tekur fram að ekki er

unnt að fallast á það með stefnda að það eitt og sér að lög nr. 103/1996 séu nú úr gildi fallin leiði til þess að kröfu stefnanda beri að hafna þegar af þeirri ástæðu heldur verður að líta svo á að réttur stefnanda ráðist einnig af efnislegri þýðingu tilvísunar ákvæðisins til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkis. Þó verður að telja að 8. gr. laga nr. 103/1996 hafi verið ætlað að vera nokkurs konar sólarlagsákvæði þegar kom að biðlaunarétti starfsmanna Pósts- og símamálastofnunar og réttaráhrif þess því takmörkuð í því ljósi.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 var mælt fyrir um að fastráðnum starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar skyldu boðnar sambærilegar stöður hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu hjá stofnuninni „enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni“. Í síðari málslið ákvæðisins sagði: „Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.“ Með þessu var vísað til laga nr. 70/1996 sem þá höfðu nýlega tekið gildi. Þá var í 2. og 3. mgr. að finna nánari takmarkanir á biðlaunarétti við ákveðnar aðstæður. Áðurnefndum málslið um biðlaunarétt var bætt við ákvæðið í meðförum þingsins en ráða má af nefndaráliti með þeirri breytingartillögu að nauðsynlegt hafi þótt að kveða sérstaklega á um að um rétt starfsmanna til biðlauna færi eftir ákvæðum laga þar að lútandi. Verður að hafa það í huga þegar horft er til athugasemda með 8. gr. í frumvarpi til laganna.

Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem tóku gildi 1. júlí 1996, var kveðið á um að væri starf lagt niður ætti starfsmaður, sem skipaður hefði verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna, og fallið hefði undir lög nr. 38/1954 en teldist ekki embættismaður, rétt til bóta er næmi launum í sex mánuði, ef hann hefði verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti giltu um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr. laga nr. 70/1996.

Stefnandi hafði gegnt starfi hjá Póst- og símamálastofnun í um 17 ár er hlutafélagið Póstur og sími hf., forveri stefnda, tók við rekstri stofnunarinnar samkvæmt ákvæðum laga nr. 103/1996. Líta verður svo á að um leið og stofnunin sem slík leið þá undir lok, og nýr einkaréttarlegur lögaðili varð til, hafi sú staða sem stefnandi gegndi verið lögð niður með þessari ráðstöfun. Gat því á þeim tíma komið til álitu réttur hans til biðlauna samkvæmt 8. gr. laga nr. 103/1996, sbr. og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en lög nr. 70/1996 höfðu þá tekið gildi í júlí það ár. Til þess kom þó ekki en fyrir liggur að stefnandi þáði starf hjá hinu nýja hlutafélagi og voru því ekki fyrir hendi skilyrði, hvorki þá né nú, til greiðslu biðlauna samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 70/1996, sbr. 34. gr. þeirra.

Dómurinn telur ekki unnt að líta svo á að við þessar aðstæður hafi biðlaunaréttur stefnanda, vegna niðurlagningar stöðu hans hjá ríkisstofnuninni Póst- og

símamálastofnun, á einhvern hátt hvílt og réttindaávinnslan jafnvel haldið áfram, þannig að nú geti komið til þess að hann verði virkjaður við uppsögn hans úr starfi hjá stefnda sem er hlutafélag, einkaréttarlegs eðlis, sem starfar á almennum markaði. Verður 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 ekki skilin svo að biðlaunaréttur starfsmanna skyldi haldast og ávinnsla þess réttar svo halda áfram um ókominn tíma og til framtíðar þrátt fyrir að starfsmenn tækju við starfi hjá hinu nýja félagi. Ákvæðið verður á hinn bóginn að skilja svo að starfsmenn nytu áunnins biðlaunaréttar ef starf þeirra yrði lagt niður í beinu framhaldi af flutningi rekstrar stofnunarinnar til hlutafélagsins. Þá verður að hafa í huga að í 2. og 3. mgr. 8. gr. var mælt fyrir um að biðlaunaréttur félli niður ef sambærilegu starfi hjá hlutafélagi væri hafnað og biðlaun væru greidd úr ríkissjóði þrátt fyrir ráðningu hjá hlutafélagi.

Dómurinn tekur fram að ekki er unnt að fallast á þau sjónarmið stefnanda að ávinnsla réttinda hans hafi svo haldið áfram óháð formbreytingu á félaginu. Þótt hið nýja hlutafélag hafi verið að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins þegar stefnanda var sagt upp störfum 16. ágúst 2019, verður að telja ljóst að fyrirmæli laga nr. 70/1996 taka ekki til hans eða annarra starfsmanna stefnda, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 2. gr. þeirra. Dómurinn telur því að við uppsögn stefnanda hjá stefnda geti ekki komið til álita að beita 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 líkt og stefnandi byggir á í máli þessu enda er stefnandi ekki ríkisstarfsmaður í skilningi 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. laganna, og stefndi er ekki ríkisstofnun heldur hlutafélag einkaréttarlegs eðlis.

Dómurinn tekur einnig fram í þessu sambandi að litið hefur verið svo á að þar sem rekstur ríkisstofnunar hefur með lögum verið færður í hlutafélag feli áðurnefnt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 og lagaákvæði sambærileg 8. gr. laga nr. 103/1996 ekki í sér að hlutafélög, eins og stefndi, eða aðrir einkaréttarlegir aðilar, eigi um ókominn tíma að bera skyldu eins og ríkisstofnun, sbr. sjónarmið í dómum Hæstaréttar í málum nr. 337/2003 og 338/2003. Breytir þar ekki þó félagafarm stefnda sé opinbert hlutafélag. Þá breytir 15. gr. laga nr. 103/1996 heldur ekki þessari niðurstöðu.

Þá tekur dómurinn fram að skilja verður ákvæði í ráðningarsamningi stefnanda og hlutafélagsins Pósts og síma hf. um „áunnin réttindi“ á þann veg að þar sé þeim réttindum lýst sem stefnandi naut er samningurinn var gerður. Var þar um að ræða réttindi eins og veikinda- og orlofsrétt. Hvað varðar biðlaunarétt sem þar er tilgreindur gat einungis verið um að ræða þann biðlaunarétt sem stefnandi hafði þá áunnið sér, eins og fyrirsögnin ber með sér, og hann gat notið við niðurlagningu starfsemi ríkisstofnunar og yfirfærslu reksturs frá stofnun til hlutafélags en ekki við áframhaldandi formbreytingar á félaginu. Verður því að líta svo á að í þessari tilgreiningu í ráðningarsamningi felist einungis tilvísun til þess réttar sem stefnandi hafði þá áunnið sér í störfum sínum hjá Póst- og símamálastofnun í gildistíð laga nr.

38/1954, og sem stefnandi kynni að eiga samkvæmt ofangreindu bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996, og gat komið til álita við ofangreindar aðstæður. Því var þessi tilgreining á biðlaunum ávallt háð efnislegu inntaki réttar hans lögum samkvæmt en fól ekki í sér sjálfstæðan umsaminn rétt til framtíðar. Með umræddu ákvæði ráðningarsamningsins var þannig ekki samið sérstaklega um biðlaunarétt, óháð rétti stefnanda samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996, um ókomna tíð og þannig að gildi hafi gagnvart stefnda nú. Gat ákvæðið því ekki falið í sér betri rétt til handa stefnanda en unnt var að leiða af lögum enda var í ráðningarsamningnum vísað til 8. gr. laga nr. 103/1996.

Það sama verður sagt um tilgreiningu réttinda stefnanda í bréfi forstjóra Pósts og síma hf. sem sett eru fram í tilefni af uppskiptingu félagsins 1. janúar 1998 og í tíð laga nr. 103/1996. Gat hún ekki heldur falið í sér betri rétt til handa stefnanda en leiddur varð af lögum og fólst í tilvísun 8. gr. laga nr. 103/1996 til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. En jafnvel þó svo yrði talið er ljóst að biðlaunarétturinn varð ekki virkur þar sem stefnandi tók starfi hjá hinu nýja félagi eftir uppskiptingu þess 1. janúar 1998. Gat rétturinn því ekki undir neinum kringumstæðum verið fyrir hendi við uppsögn stefnanda í ágúst 2019.

Þá gat þessi tilgreining á áunnum biðlaunarétti við gerð ráðningarsamnings ekki heldur leitt til þess, eins og áður er komið fram, að stefndi bæri sem hlutafélag um ókominn tíma skyldu sem ríkisstofnun gagnvart starfsmanni sínum sem áður var í starfi hjá Póst- og símamálastofnun til að svara til biðlauna ef honum yrði síðar sagt upp störfum. Verður slík niðurstaða ekki leidd af lögum og verða því ekki talin lagaskilyrði til að fallast á kröfu stefnanda. Þá geta lög um aðilaskipti, hvorki lög nr. 77/1993 eða nýrri lög um sama efni nr. 72/2002, heldur ekki leitt til slíkrar niðurstöðu né ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Dómurinn tekur fram að þegar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi geti ekki byggt rétt sinn til biðlauna á lögum nr. 103/1996, lögum nr. 38/1954 og/eða lögum nr. 70/1996, né á tilvísun 8. gr. laga nr. 103/1996 til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 eða á öðrum grundvelli. Hefur því í sjálfu sér ekki sjálfstæða þýðingu að taka afstöðu til þess hvort önnur efnisleg skilyrði biðlaunaréttar væru á annað borð talin vera fyrir hendi. Dómurinn telur þó rétt að taka fram í fyrsta lagi, og áréttu, að líta verði svo á að starf stefnanda hjá stefnda hafi ekki verið lagt niður í þeim skilningi sem leggja verði til grundvallar þegar biðlaunaréttur getur komið til álita heldur að stefnanda hafi verið sagt upp störfum hjá stefnda. Þá verði í öðru lagi ekki fram hjá því litið að við uppsögn úr starfi hjá stefnda hafi stefnandi ekki gegnt því starfi sem hann gegndi í gildistíð eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 hjá ríkisstofnunni Póst- og símamálastofnun eins og ráða má af því sem fram kemur í gögnum málsins um starfsferil stefnanda.

Jafnframt er tekið fram að sjónarmið er lúta að þýðingu starfsaldurs við uppsagnir koma ekki til álita í máli þessu. Að lokum tekur dómurinn fram að ekki getur haft þýðingu í þessu máli, eða komið til álita, hvernig stefndi kann að hafa staðið að starfslokum annarra starfsmanna á fyrri árum enda ekki byggt á málsástæðum þar að lútandi í stefnu málsins.

Samkvæmt öllu framansögðu brestur lagaheimild fyrir kröfu stefnanda og þá verður hún heldur ekki leidd af ákvæði ráðningarsamnings hans eða yfirlýsingu í bréfi forstjóra Pósts og síma hf. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Þrátt fyrir þessi úrslit málsins þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 4. október 2020.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandspóstur ohf., er sýkn af kröfu stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Hólmfríður Grímsdóttir